

Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Mál: 11.11  
Dags.: 08.02.2013

**Varðar: Umsögn um frv. til laga um náttúruvernd, þskj. 537 – 429. mál**

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur til meðferðar frumvarp til laga um náttúruvernd, en frumvarpið hefur verið sent fjölmörgum aðilum til umsagnar. Þrátt fyrir að ekki hafi verið óskað umsagnar Landsnets telur fyrirtækið nauðsynlegt að koma á framfæri ábendingum sínum, þar sem ýmis ákvæði frumvarpsins hafa áhrif á lögbundið hlutverk Landsnets. Sökum tímaskorts var ekki unnt að setja fram athugasemdir eða breytingartillögur við einstakar greinar.

Raforkukerfi landsins er einn af mikilvægustu grunninnviðum samfélagsins og samkvæmt lögum ber Landsneti skylda til að byggja upp og viðhalda flutningskerfi raforku á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Til að geta sinnt þessu hlutverki og að markmiðum laganna verði náð er nauðsynlegt að horft sé til þessara atriða við setningu annarra laga, s.s. laga um náttúruvernd.

Landsnet telur að verði frumvarpið óbreytt að lögum muni það hafa íþyngjandi áhrif á uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi. Þannig mun t.d. 57. gr. í mörgum tilvikum leiða til þess að flutningsleiðir verði lengri en ella, með tilheyrandi kostnaðarauka, jarðraski og orkutöpum. Slíkt gengur gegn markmiðum raforkulaga um hagkvæmni og afhendingaröryggi raforku. Þá getur 37. gr. skapað óvissu um stöðu framkvæmda sem eftir atvikum kunna að hafa sætt mati á umhverfisáhrifum.

Þá vill Landsnet minna á að til að uppfylla lagaskyldu um öruggan raforkuflutning er óhjákvæmilegt að starfsmenn fyrirtækisins hafi á öllum tímum tryggt aðgengi að flutningsvirkjum um land allt. Í tengslum við þær þarfir er nauðsynlegt að skoða sérstaklega þau ákvæði laganna sem fjalla um akstur og umferð, s.s. 31. og 32. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Þórður Guðmundsson, forstjóri